

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 127 – 09.12.2009

Miðvikudaginn 9. desember, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fráveitumál
2. Fjárhagsáætlun 2010
3. Nýir orkuskattar
4. Hlutur Skagafjarðarveitna í Netorku hf.
5. Þriggja ára áætlun
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Byggðarráð samþykkti eftirfarandi tillögu á fundi sínum 26.11.2009:
"Byggðarráð samþykkir á grundvelli fyrirbyggjandi minnisblaðs löggilts endurskoðanda, að mynda starfshóp embættismanna sem næstu daga fari yfir og meti kosti og galla á mögulegum tilflutningi fráveitu til Skagafjarðarveitna ehf um næstu áramót. Einnig skal starfshópurinn fara yfir verkefni einstakra eininga eins og Eignasjóðs, þjónustustöðvar, fráveitu og Skagafjarðarveitna þar sem þau skarast og gera tillögu um fyrirkomulag komi til tilflutnings. Starfshópurinn kalli til aðstoðar Kristján Jónasson, löggiltan endurskoðanda sveitarfélagsins og Skagafjarðarveitna, eftir þörfum við vinnu sína og aðra þá er hann telur þörf á að höfðu samráði við sveitarstjóra. Lagt er til að starfshópurinn skipi Jón Örn Berndsen, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs og Margeir Friðriksson, sviðsstjóri Stjórnsýslu- og fjármálasviðs af hálfu sveitarfélagsins og Páll Pálsson frá Skagafjarðarveitum. Starfshópurinn skili greinargerð til byggðarráðs og stjórnar Skagafjarðarveitna fyrir 10. desember n.k."

Sveitarstjóri upplýsti að hann hefði haft samráð við stjórnarformann Skagafjarðarveitna, Einar Gíslason og framkvæmdastjóra Pál Pálsson og hefðu þeir lýst sig sammála myndun starfshópsins og Páll hefði lýst sig reiðubúinn til setu í honum.

Páll gerði grein fyrir vinnu hópsins. Gert er ráð fyrir að hann skili af sér á næstu dögum.

2. Páll Pálsson lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Tekjur áætlast: 238.915.000.- Gjöld: 210.070.000.- Handbært fé frá rekstri er 28.845.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 47.145.000.-
Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir framlagða áætlun.

3. Páll gerði grein fyrir nýjum orkusköttum, sem gert er ráð fyrir að leggist á orkufyrirtæki á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2010. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf mótmælir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja nýja skatta á raforku og heitt vatn, skatta

sem draga munu úr lífsgæðum landsmanna og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, auk þess að draga úr gegnsæi verðlagningar á raforku og heitu vatni.

4. Samþykkt að selja Netorku hf 0,17% hlut Skv. í Netorku á genginu 3.75 eða 174.620 kr.
5. Rætt um þriggja ára áætlun.
6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)